

**I EES-STOFNANIR**

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

**II EFTA-STOFNANIR**

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA

95/EES/44/01	Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. EES-samningsins og 11. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. lið b í XV. viðauka við EES-samninginn Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum.....	01
--------------	---	----

**3. EFTA-dómstóllinn**

95/EES/44/02	Auglýsing frá EFTA-dómstólum.....	02
--------------	-----------------------------------	----

**III EB-STOFNANIR**

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

95/EES/44/03	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.664 - GRS Holding).....	03
--------------	---	----

95/EES/44/04	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.669 - Charterhouse/Porterbrook).....	04
--------------	--	----

95/EES/44/05	Skrá yfir ákvarðanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt.....	04
--------------	---	----

95/EES/44/06	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 38/92 - Ítalía.....	06
--------------	---	----

95/EES/44/07	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 23/94 - Frakkland.....	06
--------------	--	----

95/EES/44/08	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 29/94 - Þýskaland.....	06
--------------	--	----

95/EES/44/09	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 33/94 - Ítalía.....	06
95/EES/44/10	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 13/95 - Ítalía.....	07
95/EES/44/11	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 24/95 - Þýskaland.....	07
95/EES/44/12	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 32/95 - Þýskaland.....	07
95/EES/44/13	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 40/95 - Þýskaland.....	08
95/EES/44/14	Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki.....	08
95/EES/44/15	Opinber auglýsing frá franska iðnaðarráðuneytinu.....	10
95/EES/44/16	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um hvernig beita skuli c-lið 3. mgr. 92. gr. EB-sáttmálans gagnvart innlendri svæðisbundinni aðstoð.....	10
95/EES/44/17	Auglýsing um umsóknir fyrir leyfum til að leita að kolvatnsefni á Spáni.....	10
95/EES/44/18	Rammaákvörðun um ríkisstyrki í bílaiðnaðinum.....	10
95/EES/44/19	Leiðrétting á orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 19. ágúst 1995 innan ramma tilskipunar ráðsins 76/117/EBE frá 18. desember 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi rafföng sem notuð eru á sprengihættustöðum .....	11
95/EES/44/20	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir.....	12
<b>3. Dómstóllinn</b>		
95/EES/44/21	Eiðtaka nýrra dómara við dómstól Evrópubandalaganna.....	12
95/EES/44/22	Eiðtaka nýrra dómara við dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi.....	12
95/EES/44/23	Tilnefning forseta deilda.....	12
95/EES/44/24	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna.....	12
95/EES/44/25	Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi.....	15

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Heimild til að veita ríkisaðstoð samkvæmt 61. gr. 95/EES/44/01**  
**EES-samningsins og 11. gr. gerðarinnar sem um getur í 1. lið b í XV.**  
**viðauka við EES-samninginn**

### Ákvörðun eftirlitsstofnunar EFTA um að hreyfa ekki andmælum

<b>Ákvörðunin var samþykkt þann:</b>	27. 9. 1995
<b>EFTA-ríki:</b>	Noregur
<b>Aðstoð nr.:</b>	95-004
<b>Titill:</b>	Fyrirliggjandi ríkisstyrkir til skipasmíðaiðnaðarins: Styrkir vegna skipasmíða, nýsmíða og endurbóta á skipum, útflutningslánsábyrgðir fyrir skip (sem veittar eru af GIEK), lánsábyrgðir fyrir skipasmíðar.
<b>Markmið:</b>	Samningstengdur framleiðslustyrkur til skipasmíða.
<b>Lagalegur grunnur:</b>	Fyrirmæli frá konunglega iðnaðar- og orkumálaráðuneytinu frá 28. 12. 1994 („Føresegner for statleg støtte ved kontrahering av skip“), eins og þeim var breytt með fyrirmælum ráðuneytisins frá 18. 1. 1995. Hvað varðar ábyrgðir GIEK (Garanti-Instituttet for Eksportkreditt) og lánsábyrgðir fyrir skipasmíðar: árleg fjárhagsáætlun ríkisins.

<b>Fjárveiting:</b>	Hvað varðar styrkjakerfi fyrir skipasmíðar og endurbætur á skipum: 1,064 milljarðar NOK fyrir 1995.
<b>Styrkuppþæð:</b>	Fyrir smíði skipa sem eru a.m.k. 100 brúttótonn: 9% fyrir skip ef smíðasamningur er 10 milljónir ECU eða meira, 4,5% fyrir skip ef smíðasamningur er undir 10 milljónum ECU, 4,5% fyrir meiriháttar endurbætur á skipum sem eru a.m.k. 1000 brúttótonn.  Lánsábyrgðir innan marka OECD-samningsins um útflutningslán fyrir skip.
<b>Gildistími:</b>	Til 31. desember 1995.
<b>Skilyrði:</b>	Skýrslur samkvæmt 12. grein gerðarinnar sem um getur í 1. lið b í XV. viðauka við EES-samninginn.

**Auglýsing frá EFTA-dómstólnum****95/EES/44/02****1. Skipan dómstólsins**

Í kjölfar aðildar Austurríkis, Finnlands og Svíþjóðar að Evrópusambandinu og samkvæmt samkomulaginu um bráðabirgðaráðstafanir fyrir tímabilið eftir aðild tiltekinnna EFTA-ríkja að Evrópusambandinu rann skipunartími dómara, sem þessi ríki tilnefndu, út þann 30. júní 1995.

EES-samningurinn tók gildi gagnvart Furstadæminu Liechtenstein þann 1. maí 1995. Eftir tilnefningu ríkisstjórnar Liechtensteins var Carl Baudenbacher skipaður dómari við EFTA-dómstólinn með samhljóða samþykki ríkjanna þriggja sem eiga aðild að samningnum milli EFTA-ríkjanna um stofnun eftirlitsstofnunar og dómstóls (samningurinn um eftirlitsstofnunina og dómstólinn) fyrir tímabilið 6. september 1995 til 5. september 2001. Þann 6. september 1995 sór Carl Baudenbacher eið í heyranda hljóði fyrir EFTA-dómstólnum í samræmi við 2. gr. bókunar 5 í samningnum um eftirlitsstofnunina og dómstólinn.

**2. Kosning forseta dómstólsins**

Eftir skipun hins nýja dómara við EFTA-dómstólinn lét Björn Haug dómari af störfum sem forseti til að gera öllum dómurunum kleift að taka þátt í kosningunni. Þann 6. september var Björn Haug kosinn forseti EFTA-dómstólsins samkvæmt 30. gr. samningsins um eftirlitsstofnunina og dómstólinn fyrir tímabilið 6. september 1995 til 31. desember 1996.

**3. Skipun dómritara við EFTA-dómstólinn**

Per Christiansen var skipaður dómritari við EFTA-dómstólinn samkvæmt 9. gr. í bókun 5 í samningnum um eftirlitsstofnunina og dómstólinn fyrir tímabilið 1. september 1995 til 31. ágúst 1998 og tekur við af Karin Hökborg. Þann 6. september sór Per Christiansen eið í heyranda hljóði fyrir dómstólnum í samræmi við 10. gr. í bókun 5 í samningnum um eftirlitsstofnunina og dómstólinn.

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆDASTJÓRNIN

### Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.664 - GRS Holding)

95/EES/44/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. 11. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(1)</sup>, þar sem Nomura International plc (undir yfirráðum Nomura Securities Co. Ltd), öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, yfirráð yfir 85% af GRS Holding/Angel Train Contracts Limited með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - Nomura: verðbréfamiðlun og -sala, fjármögnun fyrirtækja,
  - GRS Holding/Angel Train Contracts Ltd: rekstrarleiga á farþegajámbrautavögnum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 309, 21. 11. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. 32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.664 - GRS Holding, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorat B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram  
(Mál nr. IV/M.669 - Charterhouse/Porterbrook)****95/EES/44/04**

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. 11. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89<sup>(2)</sup>, þar sem Charterhouse Development Capital Holdings Limited (undir yfirráðum Crédit Commercial de France og Berliner Handels- und Frankfurter Bank), öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, yfirráð yfir 89% af Porterbrook Leasing Company Limited með hlutabréfakaupum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
  - Charterhouse: útvegum fjármagns til uppbyggingar óskráðra fyrirtækja,
  - Porterbrook: rekstrarleiga á farþegajárnbrautavögnum.
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 309, 21. 11. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. 32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.669 - Charterhouse/Porterbrook, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities  
Directorate-General for Competition (DG IV)  
Directorat B-Merger Task Force  
Avenue de Cortenberg 150  
B-1049 Brussels

**Skrá yfir ákvarðanir sem framkvæmdastjórnin hefur birt****95/EES/44/05**

Framkvæmdastjórnin hefur birt eftirfarandi ákvarðanir:

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 21. desember 1994 þar sem því er lýst yfir að samfylking samrýmist hinum sameiginlega markaði (mál nr. IV/M.484 - Krupp/Thyssen/Riva/Falck/Tadfin/AST) (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 251, 19. 10. 1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 1. febrúar 1995 um tillögu þýskra stjórnvalda um að veita fyrirtækinu Georgsmarienhütte GmbH ríkisstyrk (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 257, 27. 10. 1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 1. mars 1995 um ríkisaðstoð nr. C 1A/92 - grísk styrkjaáætlun í lyfjaiðnaðinum fjármögnuð með gjöldum á lyf og aðrar skyldar vörur (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 265, 8. 11. 1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 1. mars 1995 um ráðstafanir til að draga úr framlögum fyrirtækja í Mezzogiorno til almannatrygginga og láta ríkið annast einhver þessara framlaga (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. L 265, 8. 11. 1995).

(<sup>2</sup>) Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 14. mars 1995 um fjárfestingaraðstoð sem Spánn veitti stálsteypufyrirtækinu Piezas y Rodajes SA í Teruel-héraði (Aragon), Spáni (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. L 257, 27. 10. 1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 4. apríl 1995 um þýska aðstoð til kolaiðnaðarins fyrir 1995 (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. L 267, 9. 11. 1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 12. apríl 1995 um ríkisaðstoð í formi skattaávilnana til fyrirtækja sem starfrækt eru í Centro di Servizi Finanziari ed Assicurativi di Trieste, samkvæmt 3. gr. ítalskra laga nr. 19 frá 9. janúar 1991 (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. L 264, 7. 11. 1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 19. júlí 1995 um að samþykkja styrk Frakklands til kolaiðnaðarins fyrir 1994 (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. L 267, 9. 11. 1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 26. júlí 1995 um styrk sem flæmska héraðið í Belgíu veitti til belgíska flugfélagsins Vlaamse Luchttransportmaatschappij NV (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. L 267, 9. 11. 1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 13. október 1995 um skrá yfir áætlanir um útrýmingu og eftirlit með dýrasjúkdómum sem falla undir styrkjakerfi bandalagsins árið 1996 (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. L 256, 26. 10. 1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. október 1995 um breytingu á ákvörðun C(85) 1555 frá 2. október 1985 hvað varðar skrá yfir starfsstöðvar í Zimbabwe sem eru viðurkenndar til að annast innflutning á nýju kjöti til bandalagsins (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. L 283, 27. 10. 1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. október 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/402/EBE um dýraheilbrigðisskilyrði og heilbrigðisvottorð fyrir innflutningi á nýju kjöti frá Suður-Ameríku löndum, til að taka mið af ákveðnu kjöti frá Úrúgvæ (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. L 258, 28. 10. 1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 18. október 1995 um breytingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/278/EB um gerð skrár yfir þriðju lönd sem aðildarríkin hafa heimilað innflutning frá á tilteknum vörum, með fyrirvara um ákveði tilskipunar ráðsins 92/118/EBE (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. L 258, 28. 10. 1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 23. október 1995 um sérstök skilyrði fyrir innflutningi á fisk- og fiskeldisafurðum sem eru upprunnar í Lýðveldinu Kóreu (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. L 264, 7. 11. 1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 23. október 1995 um ákveðin skilyrði fyrir innflutningi á lifandi tvískelja lindýrum, skrápdyrum, möttuldýrum og sæsniglum sem eru upprunnir í Lýðveldinu Kóreu (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. L 264, 7. 11. 1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 24. október 1995 um framkvæmd 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE um byggingarvörur (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. L 268, 10. 11. 1995).

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 27. október 1995 um verndarráðstafanir vegna Venesúelaheilaþólgu í hrossum í Venesúela og Kólumbíu (sjá nánari útlíun í Stjttíð. EB nr. L 268, 10. 11. 1995).

**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. C 38/92**  
**Ítalía**

**95/EES/44/06**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að útvíkka málsmeðferðina í 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans sem hafin var vegna ráðstafana um stuðning í tengslum við slit á EFIM-samstæðunni til að mæta endurfjármögnun fyrirtækisins Alumix, að fjárhæð 400,8 milljónir LIT, sem átti sér stað áður en EFIM-samstæðan var tekin til gjaldþrotaskipta (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 292, 7. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

Commission of the European Communities  
200, rue de la Loi  
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Ítalíu.

**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. C 23/94**  
**Frakkland**

**95/EES/44/07**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að samþykkja greiðslu á seinni hluta styrksins til Air France sem samþykktur var með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 27. júlí 1994 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 295, 10. 11. 1995).

**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. C 29/94**  
**Þýskaland**

**95/EES/44/08**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að ljúka málsmeðferð samkvæmt 4. mgr. 6. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 3855/91/KSE hvað varðar almenna fjármögnun Treuhandanstalts á fyrirtækinu EKO Stahl GmbH (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 294, 9. 11. 1995).

**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. C 33/94**  
**Ítalía**

**95/EES/44/09**

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að ljúka málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. í EB-sáttmálanum hvað varðar aðstoð sem ítölsk yfirvöld í sjálfstæða héraðinu Trento hafa í hyggju að veita Cartiere del Garda (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 294, 9. 11. 1995).



**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. C 13/95**  
**Ítalía**

**95/EES/44/10**

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoð ítalskra stjórnvalda til Breda Fucine Meridionali (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 293, 8. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

Commission of the European Communities  
200, rue de la Loi  
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Ítalíu.

**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. C 24/95**  
**Þýskaland**

**95/EES/44/11**

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar aðstoðaráætlun sem sambandsríkið Saarland lagði til vegna veitingar ríkisábyrgða (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 294, 9. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

Commission of the European Communities  
200, rue de la Loi  
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland.

**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. C 32/95**  
**Þýskaland**

**95/EES/44/12**

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar stuðning sem stjórnvöld í þýska sambandsríkinu Neðra-Saxlandi hafa ákveðið að veita fyrirtækinu „ASL Lemwerder“ (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 295, 10. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

Commission of the European Communities  
200, rue de la Loi  
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland.

**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. C 40/95**  
**Þýskaland**

**95/EES/44/13**

Framkvæmdastjórnin hefur hafið málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans hvað varðar stuðning sem Þýskaland hefur í hyggju að veita timburverksmiðjunni Glunz AG (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 295, 10. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin veitir hér með hinum aðildarríkjum EES og hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar auglýsingar í Stjtið. EB, við:

Commission of the European Communities  
200, rue de la Loi  
B-1049 Brussels

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland.

**Heimild fyrir ríkisaðstoð samkvæmt 92. og 93. gr. EB-sáttmálans 95/EES/44/14**  
**Mál sem framkvæmdastjórnin andmælir ekki**

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska áætlun um styrki og vaxtabætur vegna fjárfestinga í umhverfsvænni framleiðslu í Hessen, ríkisaðstoð nr. N 722/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 290, 1. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt áætlun um atvinnusköpun í Svíþjóð, einkum fyrir þá hópa starfsmanna sem eiga í sérstökum erfiðleikum með að verða sér úti um fasta atvinnu, ríkisaðstoð nr. N 165/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 290, 1. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ítalska aðstoðaráætlun um ráðstafanir til að stuðla að aukinni efnahagslegri og tæknilegri samvinnu fyrirtækja, ríkisaðstoð nr. N 742/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 290, 1. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt danska áætlun um að hvetja til notkunar nýrrar orkutækni, ríkisaðstoð nr. N 528/94 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 290, 1. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoðaráætlun um skynsamlega orkunýtingu og nýtingu óþrjótandi orkulinda í Nordrhein-Westfalen, ríkisaðstoð nr. N 36/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 290, 1. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt austurríska aðstoðaráætlun um að styrkja nýjungarverkefni lítilla og meðalstórra fyrirtækja og um að stuðla að aukinni tæknimiðlun milli lítilla og meðalstórra fyrirtækja, ríkisaðstoð nr. N 318/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 290, 1. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoðaráætlun um að koma á fót fleiri lærlingaverkstæðum fyrir árin 1995/96 og 1996/97 í Mecklenburg-Vorpommern, ríkisaðstoð nr. N 458/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 290, 1. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoðaráætlun fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki í Portúgal, ríkisaðstoð nr. N 441/95 (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 290, 1. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur á grundvelli c-liðar 3. mgr. 92. gr. EB-sáttmálans samþykkt tillögu ítalskra stjórnvalda um styrk til fyrirtækisins Marelli Autronica S.p.A. vegna þátttöku þess í EUREKA-rannsóknarverkefni, ríkisaðstoð nr. N 731/94 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 290, 1. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt styrk sem franska ríkið veitti til fyrirtækisins Marelli Autronica vegna rannsókna og uppbyggingar á sviði rafeindafræði, ríkisaðstoð nr. NN 84/95 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 290, 1. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt styrk sem franska ríkið veitti til SEMA-samstæðunnar vegna rannsókna í tengslum við samningu rafeindaorðabóka á mörgum tungumálum, ríkisaðstoð nr. NN 85/95 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 290, 1. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt aðstoðaráætlun sem Spánn lagði til til að styðja rannsóknir á vegum fyrirtækja í Asturías, ríkisaðstoð nr. N 328/95 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 290, 1. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska aðstoðaráætlun um lánveitingu til lítilla og meðalstórra fyrirtækja í Bæjaralandi, ríkisaðstoð nr. N 470/95 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 290, 1. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska rannsókna- og þróunaraðstoð í tengslum við rannsóknir og flugtækni, ríkisaðstoð nr. N 381/95 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 290, 1. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænskt styrkjakerfi vegna áætlunar um starfsþjálfun í Aragón-héraði, ríkisaðstoð nr. N 553/95 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 290, 1. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska áætlun um styrki til iðnfyrirtækja í Extremadura-héraði, ríkisaðstoð nr. N 313/95 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 290, 1. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska áætlun um styrki í handiðnaði í Aragón-héraði, ríkisaðstoð nr. N 576/95 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 290, 1. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt styrk sem Spánn lagði til vegna lagningar gasleiðslna í Valensíu, ríkisaðstoð nr. N 145/95 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 290, 1. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ráðstafanir sem Þýskaland lagði til til að stuðla að breytingum í fiskiðnaði, ríkisaðstoð nr. N 472/95 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 290, 1. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænskt styrkjakerfi vegna flutnings iðnfyrirtækja í Baleares-héraði, ríkisaðstoð nr. N 412/95 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 290, 1. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska áætlun til að efla atvinnulíf í Murcia-héraði, ríkisaðstoð nr. N 422/95 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 290, 1. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt þýska rannsókna- og þróunaraðstoð til að stuðla að auknum fjarskiptum í Bæjaralandi, ríkisaðstoð nr. N 588/95 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 290, 1. 11. 1995).

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt spænska áætlun til að stuðla að ráðningu kvenna í störf í Andalusíu, ríkisaðstoð nr. N 630/95 (sjá nánari útlíun í Stjtið. EB nr. C 290, 1. 11. 1995).

**Opinber auglýsing frá franska iðnaðarráðuneytinu****95/EES/44/15**

Framkvæmdastjórnin birti opinbera auglýsingu frá franska iðnaðarráðuneytinu um umsókn fyrir einkaleyfi, undir heitinu „Ouessant License“, fyrir leit á fljótandi eða gaskenndu kolvatnsefni (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 294, 9. 11. 1995).

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar um hvernig  
beita skuli c-lið 3. mgr. 92. gr. EB-sáttmálans gagnvart innlendri  
svæðisbundinni aðstoð****95/EES/44/16**

Framkvæmdastjórnin birti orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um hvernig beita skuli c-lið 3. mgr. 92. gr. EB-sáttmálans gagnvart innlendri svæðisbundinni aðstoð í Stjtið. EB nr. C 282, 26. 10. 1995 (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjórnartíðindum).

**Auglýsing um umsóknir fyrir leyfum til að leita  
að kolvatnsefni á Spáni****95/EES/44/17**

Í samræmi við 3. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni og lög nr. 21/1976 frá 27. júní um leit og vinnslu kolvatnsefnis og framkvæmd reglugerðar sem var samþykkt með konungsúrskurði nr. 2362/1976 frá 30. júlí, er í þessari auglýsingu lýst hvernig sækja skuli um leyfi fyrir leit eða keppa um fyrirbyggjandi leyfi, og tiltæk landsvæði tilgreind (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 283, 27. 10. 1995).

**Rammaákvörðun um ríkisstyrki í bílaiðnaðinum****95/EES/44/18**

Framkvæmdastjórnin ákvað 5. júlí 1995 að framlengja afturvirkir frá 1. janúar 1995 upphaflega rammaákvörðun um ríkisstyrki í bílaiðnaðinum. Hún gefur aðildarríkjunum kost á innleiða aftur rammaákvörðun í stað ráðstafana sem kveðið er á um í 1. mgr. 93. gr. EB-sáttmálans með ákveðnum nauðsynlegum breytingum (sjá nánari útlistun í Stjtið. EB nr. C 284, 28. 10. 1995).

**Leiðrétting á orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá  
19. ágúst 1995 innan ramma tilskipunar ráðsins 76/117/EBE frá  
18. desember 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi  
rafföng sem notuð eru á sprengihættustöðum****95/EES/44/19**

Framkvæmdastjórnin birti leiðréttingu á orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 19. ágúst 1995 innan ramma tilskipunar ráðsins 76/117/EBE frá 18. desember 1975 um samræmingu laga aðildarríkjanna varðandi rafföng sem notuð eru á sprengihættustöðum í Stjtið. EB nr. C 292, 7. 11. 1995 (sjá nánari útlistun í framannefndum Stjtið. EB).

**Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir****95/EES/44/20**

- Tilskipun 83/189/EBE frá 28. mars 1983 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða. (Stjtið. EB nr. L 109, 26. 4. 1983, bls. 8).
- Tilskipun 88/182/EBE frá 22. mars 1988 um breytingu á tilskipun 83/189/EBE. (Stjtið. EB nr. L 81, 26. 3. 1988, bls. 75).

Tilkynningar um drög að tæknilegum reglugerðum sem borist hafa framkvæmdastjórninni.

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
<b>95-0287-D</b>	Samþykkisforskrift frá póst- og símamálastofnuninni (BAPT) 222 ZV 102 fyrir CB-radíóbúnað með tíðni/fasamótun fyrir tíðnisviðið 26.560 kHz til 27.410 kHz (allt að 80 rásir)	11.12.1995
<b>95-0288-D</b>	Samþykkisforskrift frá póst- og símamálastofnuninni (BAPT) 222 ZV 104 fyrir CB-radíóbúnað með viðbótarstyrkmótun til notkunar á tíðnisviðinu 27.000 kHz til 27.140 kHz (allt að 12 rásir)	11.12.1995
<b>95-0289-D</b>	Samþykkisforskrift frá póst- og símamálastofnuninni (BAPT) 222 ZV 125 fyrir lágafllradíóbúnað fyrir einkaradíótæki sem starfrækt eru á ISM-tíðnisviðunum	11.12.1995
<b>95-0290-I</b>	Ráðuneytisbréf um tæknistaðla fyrir viðurkenningu á rafknúnum ökutækjum	8.12.1995
<b>95-0291-UK</b>	Reglugerðir frá 1995 um vélknúin ökutæki (gerðarviðurkenning) (gagnkvæm viðurkenning)	18.12.1995
<b>95-0212-I</b>	Reglugerðir um stjórnsýslureglur fyrir gerðarviðurkenningu á landbúnaðar- og vinnuvélum	11.12.1995
<b>95-0214-A</b>	Tilskipun frá austurríska samgöngu- og efnahagsmálaráðherranum um breytingu á lögum um skipaumferð á Bodensee	12.12.1995
<sup>(3)</sup> <sup>(4)</sup>		

Framkvæmdastjórnin veur athygli á að samkvæmt skilmálum orðsendingar hennar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB nr. C 245, 1. 10. 1986, bls. 4) gerir hún ráð fyrir að ef aðildarríki samþykkir tæknilega reglugerð sem fellur undir ákvæði tilskipunar 83/189/EBE án þess að senda drögin til framkvæmdastjórnarinnar eða virða skyldubundna stöðvun, sé ekki unnt að framfylgja reglugerðinni gagnvart þriðja aðila samkvæmt skilmálum réttarkerfis hlutaðeigandi aðildarríkis. Framkvæmdastjórnin telur þar af leiðandi að málsaðilar hafi rétt til að vænta þess að dómstólar landsins neiti að koma innlendum tæknilegum reglugerðum, sem ekki hefur verið tilkynnt um eins og krafist er í lögum bandalagsins, til framkvæmda.

Upplýsingar um tilkynningarnar eru fáanlegar hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna og hefur skrá yfir þær verið birt í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins nr. C 67 frá 17. 3. 1989 bls. 3 og í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins nr. 6 frá 4. 5. 1994, bls. 8.

<sup>(1)</sup> Ár – skráningarnúmer – upprunaaðildarríki.

<sup>(2)</sup> Eindagi fyrir athugasemdir frá framkvæmdastjórninni og aðildarríkjum.

<sup>(3)</sup> Hefðbundnar reglur um upplýsingaskipti gilda ekki um „lyfjaskrá“.

<sup>(4)</sup> Ekkert stöðvunartímabil þar sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki.

## DÓMSTÓL

### **Eiðtaka nýrra dómara við dómstól Evrópubandalaganna 95/EES/44/21**

Melchior Wathelet, sem tilnefndur var dómari við dómstól Evrópubandalaganna þann 13. september 1995 af fulltrúum ríkisstjórna aðildarríkja Evrópubandalaganna, sór eið fyrir dómstólnum þann 18. september 1995.

### **Eiðtaka nýrra dómara við dómstól Evrópubandalaganna 95/EES/44/22 á fyrsta dómstigi**

André Potocki og Rui Manuel Gens de Moura Ramos, sem tilnefndir voru dómarar við dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi þann 17. og 26. júlí 1995 af fulltrúum ríkisstjórna aðildarríkja Evrópubandalaganna, sóru eið fyrir dómstól Evrópubandalaganna þann 18. september 1995.

### **Tilnefning forseta deilda 95/EES/44/23**

Dómstóllinn hefur í samræmi við 1. mgr. 10. gr. í starfsreglum dómstólsins tilnefnt eftirfarandi aðila í embætti deildarforseta í eitt ár frá 7. október 1995 að telja:

- Edward sem forseta fyrstu og fimmtu deildar
- Hirsch sem forseta annarrar deildar
- Puissochet sem forseta þriðju deildar
- Kakouris sem forseta fjórðu og sjöttu deildar

(Sjá nánari útlistun í Stjttíð. EB nr. C 299, 11. 11. 1995).

### **Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna<sup>(1)</sup> 95/EES/44/24**

Dómur dómstólsins frá 19. september 1995 í máli C-364/93 (beiðni um forúrskurð frá Corte Suprema di Cassazione): Antonio Marinari gegn Lloyd's Bank plc og Zubaidi Trading Company (Brussel-samningurinn - 3. mgr. 5. gr. - staður þar sem skaðlegur atburður átti sér stað).

Dómur dómstólsins frá 19. september 1995 í máli C-48/94 (beiðni um forúrskurð frá Sø- og Handelsretten, Kaupmannahöfn): Ledernes Hovedorganisation fyrir hönd Ole Rygaard gegn Dansk Arbejdsgiverforening fyrir hönd Strø Mølle Akustik A/S (túlkun 1. mgr. 1. gr. tilskipunar 77/187/EBE - flutningur fyrirtækis - samningur milli tveggja verktaka um að ljúka við verk með samþykki þess sem gerði aðalbyggingarsamninginn).

Dómur dómstólsins frá 4. október 1995 í máli C-291/92 (beiðni um forúrskurð frá Bundesfinanzhof): Finanzamt Uelzen gegn Dieter Armbrrecht (virðisaukaskattur - skattskyld kaup).

Dómur dómstólsins (fimmta deild) frá 5. október 1995 í máli C-321/93 (beiðni um forúrskurð frá Sozialgericht Nürnberg): José Imbernon Martínez gegn Bundesanstalt für Arbeit (almannatryggingar - fjölskyldubætur - búseta á yfirráðasvæði landsins).

<sup>(1)</sup> Sjá Stjttíð. EB nr. C 299, 11. 11. 1995.

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 5. október 1995 í máli C-440/93 (beiðni um forúrskurð frá High Court of Justice, Queen's Bench Division, Divisional Court): The Queen gegn Licensing Authority of the Department of Health, Norgine Limited; fyrir hönd: Scotia Pharmaceuticals Ltd.

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 5. október 1995 í máli C-96/94 (beiðni um forúrskurð frá Tribunale di Genova): Centro Servizi Spediporto Srl gegn Spedizioni Marittima del Golfo Srl (flutningur á vegum - gjöld - ríkislöggjöf - samkeppni).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 5. október 1995 í máli C-125/94 (beiðni um forúrskurð frá Giudice Conciliatore, Milanó): Aprile Srl, í gjalþrotaskiptum, gegn Amministrazione delle Finanze dello Stato (gjöld sem hafa samsvarandi áhrif - bann - beiting gagnvart verslun við þriðja ríki).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 12. október 1995 í máli C-236/94: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Konungsríkinu Belgíu (vanefnd aðildarríkis á skuldbindingum sínum - tilskipun 91/339/EBE - vanefnd á að taka ákvæði upp í landslög).

Dómur dómstólsins (sjötta deild) frá 12. október 1995 í máli C-257/94: Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Ítalíu (vanefnd aðildarríkis á skuldbindingum sínum - tilskipun 91/685/EBE - vanefnd á að taka ákvæði upp í landslög).

Fyrirmæli dómstólsins frá 29. september 1995 í máli C-2/94 SA: Empresa Nacional de Urânio SA (ENU) gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (beiðni um lögtaksheimild á eignum bandalagsins í Portúgal).

Mál C-281/95: Mál höfðað þann 14. ágúst 1995 af Hedwig Kuchlenz-Winter gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-292/95: Mál höfðað þann 1. september 1995 af Konungsríkinu Spáni gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-293/95 P: Áfrýjað var þann 8. september 1995 af Odigitria AAE dómi uppkveðnum þann 6. júlí 1995 af fyrstu deild dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi í máli T-572/93: Odigitria AAE gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-296/95: Beiðni um forúrskurð frá Court of Appeal (Englandi), samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 31. júlí 1995 í máli The Queen gegn Commissioners of Customs and Excise; fyrir hönd: EMU Tabac Sarl, The Man in Black Ltd og John Anthony Cunningham, meðalgönguaðili: Imperial Tobacco Ltd.

Mál C-299/95: Beiðni um forúrskurð frá Oberster Gerichtshof samkvæmt fyrirmælum þess dómstóls frá 29. ágúst 1995 í máli Dr Friedrich Wilhelm Kremzow, meðalgönguaðili: Dr Wilfried Ludwig Weh, gegn Lýðveldinu Austurríki.

Mál C-301/95: Mál höfðað þann 20. september 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Sambandslýðveldinu Þýskalandi.

Mál C-304/95: Mál höfðað þann 25. september 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Lýðveldinu Grikklandi.

Mál C-305/95: Beiðni um forúrskurð frá Cour du Travail, Mons, samkvæmt dómi þess dómstóls frá 21. september 1995 í máli Université Catholique de Louvain gegn Francine Plapied og Danielle Gallez.

Mál C-306/95: Mál höfðað þann 26. september 1995 af framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna gegn Breska konungsríkinu.

Mál C-308/95: Mál höfðað þann 27. september 1995 af Konungsríkinu Hollandi gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál C-310/95: Beiðni um forúrskurð frá Tariefcommissie samkvæmt fyrirætlum þess dómstóls frá 21. september 1995 í máli Road Air BV gegn Inspector of Customs and Excise, Hoofddorp.

Mál C-403/93 tekið af málaskrá: M.J.C. Evans og Executors of Priscilla Jane Evans gegn Metropolitan Police Authority.



## Upplýsingar frá dómstól Evrópubandalaganna á fyrsta dómstigi<sup>(1)</sup> 95/EES/44/25

Dómur dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 28. september 1995 í máli T-95/94: Chambre Syndicale Nationale des Entreprises de Transport de Fonds et Valeurs (Sytraval) og Brink's France SARL gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (ríkisaðstoð - kvörtun frá samkeppnisaðila - látið hjá líða að hefja rannsókn máls - réttur á sanngjörnum réttarhöldum - lögsókn til ógildingar).

Mál T-158/95: Mál höfðað þann 11. ágúst 1995 af Eridania Zuccherifici Nazionali SpA o.fl. gegn ráði Evrópusambandsins.

Mál T-162/95: Mál höfðað þann 22. ágúst 1995 af Hubertus Freiherr von Marschalck gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-168/95: Mál höfðað þann 5. september 1995 af Eridania Zuccherifici Nazionali SpA o.fl. gegn ráði Evrópusambandsins.

Mál T-174/95: Mál höfðað þann 22. september 1995 af Tidningen Journalisten, Svenska Journalistförbundets Tidning, gegn ráði Evrópusambandsins.

Mál T-425/93 tekið af málaskrá: David Wilcox gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-430/93 tekið af málaskrá: Jean Trelhu gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Sameinuð mál T-436/93 til T-441/93 tekin af málaskrá: British Petroleum Company plc, Barclays Bank plc, Hanson plc, Lucas Industries Public Limited Company, Mars UK Limited, Mars G.B. Limited, Intercontinental Trading Limited, Effem Management Services Limited og Vickers Public Limited Company gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-511/93 tekið af málaskrá: Freda Elsie Locke o.fl. gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-529/93 tekið af málaskrá: Wallace A. Rodgers, Teresa McVeigh, John Rogan og Patrick O'Brien gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Mál T-540/93 tekið af málaskrá: Kathleen Early gegn ráði Evrópusambandsins og framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 9. ágúst 1995 í máli T-541/93: Sean Coughlan o.fl. gegn ráði Evrópusambandsins (mál tekið af hluta til af málaskrá).

Mál T-555/93 tekið af málaskrá: David Alwyn Jones gegn ráði Evrópusambandsins.

Fyrirmæli dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 9. ágúst 1995 í máli T-585/93: Stichting Greenpeace Council (Greenpeace International) o.fl. gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna (máli vísað frá).

Sameinuð mál T-61/95 R og T-62/95 R tekin af málaskrá: CIMPOR - Cimentos de Portugal SA og SECIL - Companhia Geral de Cal e Cimento SA gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

Fyrirmæli forseta dómstólsins á fyrsta dómstigi frá 11. ágúst 1995 í máli T-104/95 R: Tsimentas Chalkidos AE gegn framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna.

<sup>(1)</sup> Sjá Stjórnartíð. EB nr. C 299, 11. 11. 1995.